

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Oddeyri, suðurhluta.

Skipulagsráð Akureyrarbæjar samþykkti 11. september 2024 breytingu á deiliskipulagi fyrir suðurhluta Oddeyrar.

Breytingin tekur til Lundargötu 2, 4 og 6 og felur í sér að lóðin við Lundargötu 4 skiptist upp á milli Lundargötu 2 og 6. Felldur er út byggingarreitur á lóð Lundargötu 4 þar sem heimilt var að byggja einbýlishús.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 12. september 2024,

Rebekka Rut Þórhallsdóttir, fulltrúi skipulags- og byggingarmála.

B-deild – Útgáfudagur: 16. september 2024